REGLUR

um breytingu á reglum fyrir Háskólann á Akureyri, nr. 694/2022.

1. gr.

Eftir 54. gr. reglnanna kemur ný grein ásamt fyrirsögn, 54. gr. a, svohljóðandi:

54. gr. a

Skólagjöld.

Háskólanum á Akureyri er heimilt að innheimta skólagjöld af nemendum, sbr. h-lið 2. mgr. 24. gr. laga um opinbera háskóla, nr. 85/2008.

Skólagjöld samkvæmt þessari grein skulu mæta útgjöldum vegna kennslu, rannsókna og annarra verkefna gagnvart þeim nemendum sem ekki fylgir fjárframlag samkvæmt reglum um fjárframlög til háskóla.

Háskólaráð ákveður fjárhæð skólagjalda og setur nánari reglur um innheimtu þeirra, greiðslufyrirkomulag, undanþágur og eftir atvikum niðurfellingu gjalda. Upphæð skólagjalda skal birt í reglum um gjaldtöku og ráðstöfun gjalda sem heimilt er að afla til viðbótar við framlög úr fjárlögum, sbr. 54. gr.

2. gr.

Reglur þessar, sem samþykktar voru í háskólaráði, eru settar með stoð í lögum um opinbera háskóla, nr. 85/2008, og öðlast þegar gildi.

Háskólanum á Akureyri, 30. október 2026.

Áslaug Ásgeirsdóttir rektor.

B deild - Útgáfudagur: 20. nóvember 2026